

Fuglalíf við Sultartanga

Kristinn H. Skarphéðinsson



Náttúrufræðistofnun Íslands

Skýrsla unnin fyrir Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf

Reykjavík, september 1996

Ský

Nát



Inngangur

Sumarið 1996 óskaði Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að fuglalíf yrði kannað á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Sultartangavirkjunar, sbr. bréf dags. 26. september 1996. Þegar þessi beiðni kom fram (11. júlí) voru margar fuglategundir langt komnar með varp og sumar horfnar af varpstöðvum. Engu að síður var ákveðið í samráði við Sigurð Þórðarson hjá VST að skoða lauslega fuglalíf við Sultartanga og var það gert dagana 13.-14. júlí sl. Svo heppilega vildi til að starfsmenn Náttúrufræðistofnunar höfðu litið til fugla á þessu svæði fyrr um sumarið í tengslum við kortlagningu á útbreiðslu varpfugla á Suðurlandi.

Litlar upplýsingar eru til um fugla á umræddu svæði, aðrar en þær sem nefndar eru að framan. Sumarið 1992 voru heiðagæsir í fjaðrafelli taldar úr lofti, m.a. á Sultartangelóni. Einnig hefur Atli Marinósson látið í té upplýsingar um fugla en hann starfaði við Búrfellsvirkjun kringum 1970. Sömuléiðis-hefur Finnur Logi Jóhannsson sem vann við gerð Sultartangastíflu 1983-84, skýrt frá ýmsu um fugla þar.

Þær athuganir sem hér fara á eftir eru fyrst og fremst bundnar við Sultartanga neðan stíflu, hluta Sandafells og bakka Þjórsár að Bjarnalóni. Afar litlar upplýsingar eru til um fugla við Sultartangelón.

Svæði

Til hægðarauka er athugunarsvæðinu skipt í fjóra hluta og verður fjallað um hvern fyrir sig: (1) Sultartangelón og aðliggjandi hlíðar, (2) Sultartangi, ásamt stíflunni og svæðinu austan ár niður að Vaðöldu, (3) Sandafell og (4) bakka Þjórsár, frá Sandafelli að Bjarnalóni.

Árið 1984 var lokið við fyrri áfanga Sultartangastíflu en hún er um 6 km löng og liggur frá Sandafelli, yfir Þjórsá og austur eftir Sultartanga yfir á austurbakka Tungná. Hæð stíflunnar er nú miðuð við 295 m vatnsborð í lóninu en ætlunin er að hækka hana um 1,6 m og jafnframt koma fyrir útbúnaði í yfirfallinu þannig að hægt verði að hækka vatnsborðið í 297,5 m (Landsvirkjun 1996).

Þegar fyrri áfangi stíflunnar var byggður, fór hluti Sultartanga á kaf, svo og hluti af Skúmstungum og þeim hlíðum sem liggja að lóninu. Alls er lónið nú 19 ferkílómetrar og er talið að um 1,5 ferkílómetrar af lónstæðinu hafi verið grónir (Landsvirkjun 1981).

Sultartangalón

Ákvörðun um að reisa stíflu við Sultartanga var tekin 1981 og framkvæmdum lokið 1984. Litlar sem engar umhverfissrannsóknir fóru fram áður en ráðist var í byggingu stíflunnar, aðrar en þær sem tengdust sjálfum framkvæmdunum (sjá þó Jóhann Pálsson og Þóri Haraldsson 1981). Á þessum tíma (fyrir daga umhverfismats) komu ekki fram óskir eða ábendingar frá Náttúruverndarráði um nauðsyn rannsókna, sbr. umsögn ráðsins um Sultartangavirkjun vorið 1981 og bréf til Landsvirkjunar, dags. 24. október 1988. Orkustofnun benti reyndar á það í bréfi til Náttúruverndarráðs dags. 2. júní 1981 að nú væri hver að verða síðastur að líta nánar á Sultartanga.

Talsvert af landi fór undir Sultartangalón og jafnframt hefur rofnað úr bökkum, einkum af vestanverðu. Hækkun vatnsborðs um 2,5 m mun auka rofið enn frekar. Engar upplýsingar eru til um dýralíf á því svæði sem fór undir lónið, hvorki á Sultartanga sjálfum, né hlíðum sem liggja að lóninu.

Álftir verpa við Sultartangalón, þar með tvo unga sást undan Skúmstungum 13. júlí 1996. Einnig fella heiðagæsir þar flugfjaðrir: hinn 12. júlí 1992 fundust alls 347 geldfuglar í fjaðrafelli. Þær voru dreifðar í 10 hópum um allt lónið. Ekki er vitað til þess að heiðagæsir felli flugfjaðrir nær byggð á Suðurlandi. Hugsanlegt er að eitthvað af heiðagæsum verpi við lónið en það hefur ekki verið kannað. Sex gulendur sáust efst á lóninu í júlí 1992.

Líklegt er að lónið sé talsvert nýtt af öndum sem hafa þar viðkomu vor og haust, sbr. það sem sagt er um Bjarnalón síðar í þessari samantekt. Nokkrar bergvatnsár og lækir falla í lónið, einkum úr Skúmstungum og líklegt er að eitthvað af öndum haldi til og jafnvel verpi við ósa þeirra.

Sultartangi - Vaðalda

Um helmingur af Sultartanga fór á kaf þegar stíflan var reist árið 1984. Samkvæmt gróðurkort Rala var landið þursaskeggsmóar með smárunnum og því þurrt. Stíflan lak talsvert fyrstu árin og blotnaði því tanginn neðan hennar. Heldur hefur dregið úr leka en talsverðar bleytur eru neðan stíflunnar. Einnig flæmist nú vatn í ríkara mæli yfir svæðið frá yfirfallinu austast á stíflunni og suður að Vaðöldu. Á sumrin myndast því ótal hólmar í farveginum neðan stíflu.

Fuglalíf má heita sæmilega þekkt á Sultartanga neðan stíflu. Hins vegar þarf að kanna betur svæðið norðan Vaðöldu. Það sem hér fer á eftir á því fyrst og fremst við um Sultartanga.

Fuglalíf er allfjölbreytt á Sultartanga, alls hafa 25 tegundir verið skráðar og hafa a.m.k. 15 þeirra orpið á svæðinu (1. viðauki). Talsvert af grágæs verpur á svæðinu og a.m.k. ein andartegund (urtönd) en auk þess hafa sést þar sex aðrar andartegundir: stökkönd, hávella (gætu orpið); grafönd, duggönd, húsönd og straumönd (líklega fargestir). Áltíð hafa sést og Sultartangi var áður (og er e.t.v. enn) vinsæll náttstaður heiðagæsa á haustin.

Af vaðfuglum eru lóur algengastar. Einnig verpa lóupræll, sandlóa, spói og stelkur; sá síðastnefndi er hér á efstu mörkum útbreiðslu sinnar. Sendlingur og óðinshani hafa sést og gætu báðir orpið á svæðinu.

Snjótittlingur er algengastur spörfugla og verpur mikið í stíflunni og gördunum. Þar verpa einnig nokkur maríuerluhjón og e.t.v. steindeplar (verpa við Vaðöldu) en þúfutittlingar verpa í graslendinu neðan stíflu.

Hrafnar hafa orpið í gílinu austan í Sandafelli og smyrlar einnig að öllum líkindum. Sílamáfspar var með hreiður í hólma austan við Sultartanga og er það efsti þekkti varpstaður hans við Þjórsá. Talsvert af sílamáfum sást á svæðinu og einnig stöku svartbakar.

Þær breytingar sem urðu í kjölfar stíflubyggingar hafa sennilega aukið fjölbreytni fuglalífs á svæðinu og gert ýmsum votlendisfuglum kleift að verpa þar, t.d. urtönd og stelki.

Sandafell

Fellið er að mestu gróið, nema hvað veruleg rofabörð eru norðaustan í fellinu, upp frá fyrirhuguðu inntaki virkjunarinnar. Sennilega er talsvert fuglalíf í Sandafelli, líklega einkum algengir mófuglar. Fuglalíf meðfram veginum var skoðað lauslega hinn 3. júlí 1996. Þá sást talsvert af heiðlóum, einnig lóupræll á söngflugi og stöku kjóar á flugi.

Hinn 13. júlí 1996 var gengið frá lóð væntanlegs stöðvarhúss og um austanvert fellið að kláfnum í Þjórsá. Að þessu sinni bar afar lítið á fuglum en nokkrir þúfutittlingar voru fældir upp. Líklegt er að þeir verpi í fellinu en vegna þess hversu áliðið var sumars var ekki hægt að segja til um það með vissu.

Auk þeirrar röskunar sem þegar hefur orðið við væntanlegt inntak hjá stífluenda austan í Sandafelli, verður einhver röskun vegna borunar gangna (uppgröftur) og byggingar stöðvarhúss suðvestan í Sandafelli. Gert er ráð fyrir að sami vegur verði notaður áfram og nú liggur um fellið að stíflunni. Áhrif framkvæmda á fuglalíf í Sandafelli verða sennilega lítil og fyrst og fremst bundin við tiltölulega afmarkaða röskun á varplandi algengra mófugla.

Bakkar Þjórsár að Bjarnalóni

Grafinn verður frárennslisskurður, frá stöðvarhúsi, eftir endilöngu Hafi í Þjórsá, skammt ofan Bjarnalóns. Skurðurinn mun liggja um 500 m vestan árinna og verður rúmlega 7 km langur. Uppgröftur úr skurðinum mun m.a. verða notaður til að byggja varnargarð á bökkum Þjórsár. Farvegur hennar verður hins vegar vatnslítill stóran hluta ársins þar sem megnið af vatninu mun renna um fyrrgreindan skurð sem verður því í raun nýr farvegur Þjórsár.

Land það sem skurðurinn mun liggja um er sendið og vikurborið hraun og lítt gróið. Grasi hefur verið sáð á 100-300 m breiðu belti vestan vegar og sums

staðar eru melgresishólar. Land er betur gróið við Bjarnalón en þar hefur lúpína m.a. náð að festa rætur. Grasi hefur einnig verið sáð í stór svæði beggja vegna lónsins.

Alls hafa verið skráðar 13 tegundir á þessu svæði þar af a.m.k. 10 tegundir orpið (2. viðauki). Þar sem skurðstæðið er lítt gróið og þurr er fuglalíf fábreytt og strjált. Talsvert af sandlóum verpur frá Sandafelli að Bjarnalóni og sömuleiðis strjálingur af heiðlóum. Við Efri-Klofey verpa stelkar, spóar og maríuerlur.

Áður varp mikið af grágæs og svartbaki í Neðri-Klofaey en það varp virðist hafa liðið undir lok er eyjan varð landföst um 1970. Umræddar kjarr "eyjar" eru nú landfastar og því ekki lengur heppileg varplönd fyrir tegundir sem forðast refi (gæsir og máfa). Ekki gafst færi á að skoða fuglalíf þeirra nógu vel sumarið 1996 en ósennilegt er að virkjunarframkvæmdir muni hafa þar áhrif.

Fuglalíf virðist mest og fjölbreyttast við Bjarnalón. Þar verpa m.a. ýmsir mófuglar, svo sem sandlóa, heiðlóa, þúfuttlingur, steindepill og skógarpröstur (í lúpínustóði). Talsvert af öndum virðist koma við á Bjarnalóni á árstíðabundnum ferðum sínum, þrátt fyrir jökulvatnið. Þar sáust t.d. nokkrar skúfendur og hávellur og tugir af duggöndum um miðjan júlí 1996.

Áhrif framkvæmda á fuglalíf vegna skurðgraftar og byggingar varnargarðs við Þjórsá verða sennilega lítil þar sem fuglalíf er afar strjált og tiltölulega lítið svæði mun verða fyrir raski.

Samkvæmt kynningu á Sultartangavirkjun í júní 1996 (Landsvirkjun 1996) var gert ráð fyrir að grafa ræsissskurð úr fráveituskurðinum í Rauðá (sem rennur um Gjánna) og hleypa þangað vatni, aðallega meðan á framkvæmdum stæði. Að sögn Sigurðar Þórðarsonar á VST hafa hugmyndir um umræddan ræsissskurð verið lagðar á hilluna og því verður ekki fjallað hér um áhrif þeirrar framkvæmdar. Þess má geta að talsvert fuglalíf er í Gjánni og gróður proskamikill.

Helstu niðurstöður

Náttúrufar á áhrifasvæði Sultartangavirkjunar var lítið sem ekkert kannað áður en stíflan var reist 1983-84. Fuglalíf er lítt þekkt á stórum hluta þessa svæðis. Alls hafa 29 tegundir verið skráðar á svæðinu, þar af eru 19 varpfuglar. Ýmsir algengir mófuglar setja svip sinn á svæðið en nokkrar votlendistegundir hafa sennilega numið land á Sultartanga í kjölfar stíflubyggingar. Engar sjaldgæfar tegundir fugla verpa eða hafast við að staðaldri á svæðinu, svo kunnugt sé.

Áhrif framkvæmda á fuglalíf

Helstu umhverfisbreytingar vegna Sultartangavirkjunar urðu við stíflugerðina og myndun Sultartangelóns. Sennilega hefur fjölbreytni fuglalífs á Sultartanga aukist vegna þess að landið neðan stíflu blotnaði. Skilyrði til varps fyrir ýmsa votlendisfugla hafa batnað til muna.

Áhrif framkvæmda á fuglalíf í Sandafelli og á bökkum Þjórsá verða sennilega lítil og bundin við tiltölulega afmarkaða röskun á varplandi algengra mófugla. Ýmsar breytingar verða á umhverfinu í kjölfar hækkunar stíflunnar og þegar vatni úr lóninu verður veitt um göng til virkjunar í Sandafelli í stað þess að renna um yfirfallið. Þær breytingar sem skipta mestu máli fyrir fuglalíf eru:

1. Sultartangi mun blotna enn frekar, því leki úr lóninu mun aukast við hækkun á vatnsborði. Fuglalíf mun líklega vaxa, a.m.k. tímabundið.
2. Rennsli um yfirfallið mun minnka til mikilla muna og því mun vatn ekki flæmast í jafn ríkum mæli um svæðið austan ár og gerðist eftir að stíflan var reist árið 1984. Land austan ár mun því þorna, gróðurfar breytast og fuglalíf sennilega minnka í kjölfarið.
3. Rof mun aukast úr bökkum Sultartangelóns vegna hækkunar vatnsborðs og aukinna sveiflna í vatnsborði. Ekki er hægt að segja fyrir um hvaða áhrif það muni hafa á fuglalíf þar sem það hefur ekki verið kannað á umræddu svæði. Sumar breytingar verða neikvæðar (eyðing búsvæða) aðrar gætu haft tímabundin jákvæð áhrif (skolun lífrænna efna út í lónið).

Ábendingar og tillögur um frekari rannsóknir

- Kanna þarf fuglalíf á Sultartangelóni og aðliggjandi svæðum.
- Kanna þarf fuglalíf á svæðinu austan ár, frá stíflu að Vaðöldu.
- Breytingar á rennsli um yfirfall verði metið á mismunandi tímum árs.
- Fylgst verði með framvindu gróðurs og fuglalífs í tengslum við breytingar á vatnsstöðu (Sultartangi-Vaðalda) og rofs (bakkar Sultartangelóns).
- Við malartöku á eyrum við Sultartanga vegna fyllingar í stíflu, verði þess gætt að hlífa grónu landi.

Heimildir

Bréf Orkustofnunar til Náttúruverndarráðs, dags. 2. júní 1981.

Bréf Náttúruverndarráðs til Landsvirkjunar, dags. 24. október 1988.

Bréf Sigurðar Thoroddsen hf til Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 26. september 1996.

Jóhann Pálsson og Þórir Haraldsson 1981. Athugun á gróðurfari á fyrirhuguðum virkjunarstöðum á vatnasvæði Tungnár. Orkustofnun - Raforkudeild. 15 bls.

Landsvirkjun 1981. Virkjun Þjórsár og Tungnár við Sultartanga - umhverfismál. Greinargerð til Náttúruverndarráðs, dags. 8. apríl 1981.

Landsvirkjun 1996. Sultartangavirkjun - samantekt um 125 MW virkjun. Unnið af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. 5 (+2) bls. + 6 myndir. Greinargerð dags. 1. júní 1996.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirt gögn um fuglalíf á Suðurlandi.

Náttúruverndarráð 1981. Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjunaráform við Sultartanga (ódags.) vorið 1981. 2 bls.

RALA. Gróðurkort nr. 193. Fossalda.

Sigurður Þórðarson, VST - munnlegar upplýsingar í júlí og september 1996.

1. viðauki. Fuglategundir sem skráðar hafa verið á Sultartanga og norðan Vaðöldu. Byggt á athugunum 1996 (26. júní, 1., 3., 13. og 14. júlí), nema annað sé tekið fram. Öruggir varpfuglar eru auðkenndir með "V" og þeir sem vitað er að orpið hafi áður með "(V)".

Álft. Ellefu geldfuglar voru á Sultartanga 12. júlí 1992.

Heiðagæs. Sultartangi var vinsæll náttstæður heiðagæsa á haustin kringum 1970 (Atli Marínósson).

V Grágæs. A.m.k. 10 pör með unga sáust austan ár, rétt neðan við stíflu. Verpa án efa í hrauneyjunum og e.t.v. víðar.

V Urtönd. Tvær kollur með unga á lænum og lónum neðan stíflu.

Stökkönd. Fjórir steggir sáust á Sultartanga 13. júlí og þrír steggir við Vaðöldu, gæti orpið á svæðinu.

Grafönd. Fjórir fuglar komu úr norðri hinn 13. júlí og settust stundarkorn á polla neðan við stíflu. Virtust allt vera kollur. Hurfu síðan í suðurátt.

Duggönd. Par sást 3. júlí.

Húsönd. Fullorðinn kvenfugl sást 3. júlí á lænum neðan við stíflu og fullorðið par á s.st. 13. júlí. Þessi tegund er vetrargestur á Suðurlandi en sjaldséð þar á sumrin.

Straumönd. Hinn 3. júlí sátu þrjár kollur við botnrásina undir Sandafelli og 2 pör og steggur á lænum neðan stíflu. Tvær kollur sáust neðan stíflu 13. júlí. Þessi tegund er fremur ólíklegur varpfugl á Sultartanga þar sem nær allir lækir og lænur virðast vera mengaðar jökulvatni.

Hávella. Sex steggir og tveir kvenfuglar sáust 3. júlí og 4 kollur 13. júlí. Er hugsanlega varpfugl á svæðinu.

(V) Smyrill. Kringum 1970 sást par með nýfleyga unga í gílinu austan við Sandfell (Atli Marínósson). Hafa sennilega orpið á svæðinu.

V Sandlóa. Strjáll varpfugl, eitt par fannst með unga.

V Heiðlóa. Verpur talsvert austan stíflu, m.a. fannst eitt hreiður 26. júní. Verpur einnig nokkuð á Sultartanga.

Sendlingur. Tveir fuglar neðan við stíflu hinn 13. júlí. Gæti orpið á svæðinu, t.d. í grennd við Vaðöldu.

V Lóupræll. Verpur eitthvað á Sultartanga.

V Spói. Strjáll varpfugl á Sultartanga (a.m.k. 2 pör) en einnig varð vart við litla hópa á flugi.

V Stelkur. A.m.k. eitt par varp sumarið 1996 og kom upp ungum. Stelkar eru að öðru leyti afar strjálir varpfuglar ofan byggðar. Þeir verpa a.m.k. öðru hverju í Veiðivötnum og við Hrauneyjarfossvirkjun.

Óðinshani. Fjórir fuglar sáust 3. júlí. Óvíst er með varp á svæðinu.

V Sílamáfur. A.m.k. eitt par varp í hrauneyjum neðan við stíflu sumarið 1996. Auk þess sáust hópar við ána, flestir um 20 hinn 3. júlí.

Svarbakur. Stakur fullorðinn fugl sást.

V Þúfútittlingur. Strjáll varpfugl á Sultartanga og einnig austan ár.

V Maríuerla. Tvö pör með nýfleyga unga sáust við stífluna 3. júlí og hafa án efa orpið á svæðinu.

V Steindepill. Karlfugl sást við Sultartangastíflu 3. júlí og nýfleygir ungar og fullorðinn fugl með varpatferli við Vaðöldu 13. júlí. Þrír stakir fuglar voru á Sultartanga 13. júlí.

(V) Hrafn. Varp í gílinu austan við Sandafell 1983/84 (Finnur Logi Jóhannsson). Virtist ekki verpa sumarið 1996 en 300 m neðan við botnrásina (vestan ár) var ræktaður blettur sem benti til þess að þar hefði verið hrafnsheiður.

V Snjótittlingur. Algengur varpugl við stífluna og í grjótgörðum austan ár.

2. viðauki. Fuglategundir sem skráðar hafa verið meðfram Þjórsá, frá Sandafelli að Bjarnalóni. Byggt á athugunum 1996 (26. júní, 1., 3., 13. og 14. júlí), nema annað sé tekið fram. Öruggir varpfuglar eru auðkenndir með "V" og þeir sem vitað er að orpið hafi áður með "(V)".

- (V) Grágæs. Mikið varp var í Neðri-Klofaey áður en eyjan var tengd við land vegna virkjunarframkvæmda laust fyrir 1970 (Atli Marinósson).

Skúfönd. Fjórtán fuglar voru á Bjarnalóni 13. júlí (13 steggir og ein kolla).

Duggönd. Alls 45 steggir á Bjarnalóni 13. júlí. Auk þess 1 ógreind önd (duggönd eða skúfönd).

Hávella. Níu steggir á Bjarnalóni 13. júlí.

- V Sandlóa. Sennilega allalgengur varpfugl. Tvö pör með unga sáust við Bjarnalón 13. júlí. Auk þess sáust nokkir fuglar meðfram veginum 1. júlí en ekki gafst ráðrúm til að ganga úr skugga um hvort það væru varpfuglar.

- V Heiðlóa. Afar strjáll varpfugl vestan ár og við Bjarnalón.

- V Hrossagaukur. Einn hneggjandi fugl yfir lúpínubreiðu við Bjarnalón 13. júlí.

- V Spói. Strjáll varpfugl - þrjú pör voru í sandorpnu hrauni við Efri-Klofaey 1. júlí. Sást auk þess vestan ár en óvíst er um varp.

- V Stelkur. Strjáll varpfugl, 2 pör með unga voru við Efri-Klofaey 1. júlí.

- (V) Svartbakur. Varp talsvert í Neðri-Klofaey laust fyrir 1970 en það varp virðist hafa liðið undir lok þegar eyjan var tengd við land, sbr. þar sem sagt er um grágæs (Atli Marinósson).

- V Maríuerla. Þar með nýfleyga unga var í grennd við Efri-Klofaey 1. júlí, hafa sennilega orpið í varnargarðinum.

- V Steindepill. Nýfleygir ungar voru við Bjarnalón 13. júlí.

- V Skógarpröstur. Syngjandi fugl í lúpínustóði við Bjarnalón.